ISSN: 1670-7192

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Titill / Title* | **Könnun á innanlandsmarkaði fyrir ferðamat og sérfæði úr vestfirsku sjávarfangi / Survey on domestic market for travel food and speciality diet from seafood** | | |
| *Höfundar / Authors* | Kolbrún Sveinsdóttir, Jón Trausti Kárason, Guðjón Þorkelsson | | |
| *Skýrsla / Report no.* | 10-13 | *Útgáfudagur / Date:* | Mars 2013 |
| *Verknr. / project no.* | 2108 | Skýrsla lokuð til 01.04.2015 | |
| *Styrktaraðilar / funding:* | AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi (V11004-11) | | |
| *Ágrip á íslensku:* | Niðursuðupokar eru sveigjanlegar umbúðir með loftþéttri lokun og ætlaðir fyrir venjuleg matvæli með hátt sýrustig. Pokarnir þola niðursuðu og innihaldið er hægt að dauðhreinsa. Helsti markaðurinn fyrir matvæli í niðursuðupokum er í Asíu og Evrópu. Um 5 milljarðar pakka af vörum í niðursuðupokum eru seldir í Norður Ameríku á ári. Þ.e. um 750 þúsund tonn að verðmæti um 750 milljarða króna. Markaðurinn hefur vaxið um 10% á ári. Mest er framleitt af gæludýrafóðri, matarskömmtum fyrir hermenn og til hjálparstarfs í þriðja heiminum. Mestur vöxtur er í matvælum og þar er tæknin orðin viðurkennd sem varðveislu- og pökkunaraðferð. Veitingahúsa- og mötuneytismarkaðurinn er einnig að opnast með þróun stærri poka sem koma í staðinn fyrir dósir.<br><br>Netkönnun var gerð til að greina markhópa á Íslandi sem gætu haft áhuga á að kaupa og nota mat í niðursuðupokum og að kanna hvers konar mat er áhugi fyrir að nota. Netkönnun luku rúmlega 100 manns. Einnig var rætt við forsvarsmenn stóreldhúsa og útivistarfólk varðandi notkun niðursuðupoka.<br><br>Niðurstöður bentu til að meðal helstu markhópa eins og útivistafólks og stóreldhúsa virðist vera almennur áhugi til staðar fyrir þeirri nýjung sem matvælum pakkað í niðursuðupoka er á íslenskum markaði. Þarfir markhópanna eru misjafnar hvað varðar skammtastærðir. Almenningur hefur mjög fastmótaðar skoðanir á niðursoðnum matvörum og endurspeglast þær skoðanir e.t.v. af fyrri reynslu og því vöruúrvali sem til staðar hefur verið á Íslandi hingað til. Það er ljóst að til þess að markaðssetja tilbúna rétti í niðursuðupokum þarf að vanda sérstaklega valið á uppskriftum, hráefnum og meðhöndlun þeirra. Þetta á sérstaklega við ef pakka á sjávarfangi með þessum hætti, en fiskmeti er afar viðkvæmt hráefni. | | |
| *Lykilorð á íslensku:* | *Niðursuðupokar, sjávarréttir, ferðamatur, sérfæði* | | |

# Skýrsluágrip Matís ohf
## Icelandic Food and Biotech R&D

## Report summary

ISSN: 1670-7192

| | |
|---|---|
| *Summary in English:* | Canning bags are flexible containers with air-tight sealing and intended for ordinary foods with high acidity. The food is canned in the bags. Most of the products in canning bags are pet foods, food portions for soldiers and aid activities in the Third World. The greatest growth is in food products and the technology has become recognized as a preservation and packaging process. The restaurant and canteen market is also opening up to development of larger bags to replace the cans.<br>A web-based survey was done to identify target groups in Iceland that could be interested in buying and using foods in canning bags and to explore what kind of food is of interest. Over 100 participants completed the survey. Representatives of big kitchens and outdoor enthusiast were interviewed on the use of canning bags.<br>Results indicated that among the major target groups widespread interest appears to be for such novelty food in the domestic market. The needs of different target groups vary in terms of size of packages. The public has a very firm view regarding canned foods probably reflected from past experience and past and current product ranges in the Icelandic market. It is therefore clear that in order to market ready meals in canning bags, the recipes and ingredients have to be chosen carefully. This is particularly important in the case of seafood as it is a very perishable raw material. |
| *English keywords:* | *Canning Bags, seafood, travel food, special diet* |

© Copyright Matís ohf / Matis - Food Research, Innovation & Safety